

# Kosningaskjálfta gætir í Noregi

– spennu á landsfundi Verkamannaflokksins

NORSKI Verkamannaflokkurinn hélt landsfund sinn í Hamar skammt fyrir norðan Osló 2. til 5. apríl sl. Fundurinn er haldinn á tveggja ára fresti og að þessu sinni setti það svip á hann, að þingkosningar fara fram í Noregi 14. september næstkomandi. Glöggur maður, sem hefur um árabíl haft aðstöðu til að fylgjast með landsfundum Verkamannaflokksins, sagði mér, að aldrei hefði hann kynnst jafn mikilli spennu á slíkum samkomum og nú.

Þegar dró að landsfundinum, beindist athygli allra að því, hvernig baráttunni milli Gro Harlem Brundtland (41 árs) og Reiulf Steen (48 ára) um formennskuna í flokknum myndi lykta. Ekki var langt um liðið frá því að Gro Harlem Brundtland tók við forsætisráðherraembættinu af Odvar Nordli (53 ára) í byrjun febrúar, þar til hún lýsti því yfir, að hún ætlaði einnig að verða formaður flokksins. Hún gerði það með því að ítreka þá skoðun, sem hún hefði lengi haft, að sami maður ætti að vera forsætisráðherra og flokksformaður. Enginn misskildi, hvað fyrir henni vakti, Steen átti að víkja.

Um nokkurt skeið hafa menn beint spjótum sínum að Steen og talið hann lélegan leiðtoga. Hann lét þó ekki orð forsætisráðherrans raska sér um of, sagði aðeins, að landsfundurinn kysi flokksformann. Hins vegar



Gro Harlem Brundtland og Kåre Willoch – kosningabaráttan í Noregi verður keppni um það, hvor þeirra verður næsti forsætisráðherra.

## John C. Ausland skrifar frá Osló

var ljóst, þegar hann flutti setningarræðu sína á fundinum, að ýmsar blikur voru á lofti. Við blasti, að hann hlyti hina herfilegustu útreiði, ef hann gæfi kost á sér til formennsku. Hann valdi því þá leið að bjóða sig ekki fram.

Eftir að Gro Harlem Brundtland hafði verið sjálfkjörin til formennsku, beindist athyglin að varaformannsembættinu. Meirihluti kjörnefndar undir forsæti Tor Halvorsen, leiðtoga Alþýðusambandsins, mælti með Gunnar Berge, sem er formaður fjárveitinganefndar Stórþings-

ins og á rætur að rekja til verkalyðshreyfingarinnar.

Minnihlutinn studdi Einar Førde (38 ára), sem er kirkju- og menntamálaráðherra. Þótt Førde teljist til menntamálahópsins innan flokksins, var hann kjörinn með 163 atkvæðum gegn 138. Erfitt er um það að dæma, hve mikinn þátt andstaða Førde gegn Atlantshafsbandalaginu átti í sigri hans. Um það mál var ekkert rætt í umræðum um varaformennskuna.

Þá þögn má rekja til drengskaparsamkomulags um að ekki skyldi rætt um öryggismál á

landsfundinum. Samkomulagið var ekki gert vegna þess að þingheimur væri einhuga í þeim málum heldur hins, að umræður um þau hefðu getað hleypt öllu í bál og brand. Enn hefur ekki gróð um heilt vegna rimmunnar um birgðastöðvar fyrir bandaríska landgönguliða á síðasta ári. Hefði það mál verið tekið til umræðu, hefði það splundrað landsfundinum.

Drengskaparsamkomulagið fólst í því, að einróma skyldi þingið staðfesta núverandi stefnu um aðild Noregs að Atlantshafsbandalaginu. Hins vegar skyldi það jafnframt styðja tillögu vinstri armsins um kjarnorkuvopnalaus svæði á Norðurlöndunum. Með þeim stuðningi gekk forysta flokksins mjög langt til samkomulags og gaf mikið eftir miðað við fyrri yfirlýsingar. Rétt er að minnst þess, að ýmsir bandamenn Noregs líta þannig á, að tillaga um kjarnorkuvopnalaus svæði á Norðurlöndum dragi úr stuðningi Norðmanna við varnarstefnu NATO, sem útilokar ekki beitingu kjarnorkuvopna, ef allt annað þrýtur.

Landsfundarályktunin hefur einnig að geyma ýmis atriði um innanlandsmál, sem um er deilt. Í henni er lýst yfir stuðningi við sex stunda vinnudag, sem Per Kleppe, áætlanaráðherra, taldi flutta af hreinu ábyrgðarleysi. Landsfundurinn samþykkti, að lögd skyldi járnbraut norður til Tromsø, þótt Ronald Bye, samgönguráðherra, hefði lýst því yfir, að þjóðin hefði ekki efni á slíkri braut. Einnig var samþykkt þak á vaxtafrádrátt húsbýggjenda við álagningu tekjuskatts. Stjórn málaforingjar fagna slíku ákvæði ekki sérstaklega, því að þeir eins og svo margir aðrir hafa stofnað til hárra skulda til að eignast þak yfir höfuðið.

Nú þegar landsfundurinn er

að baki, munu foringjar Verkamannaflokksins skipa sér í fylkingu vegna þingkosninganna. Svo virðist sem kosningabaráttan ætli að einskoraðast við keppni milli Gro Harlem Brundtland og Kåre Willoch, leiðtoga Hægri flokksins, um forsætisráðherra-stólinn.

Segja má, að ríkisstjórn borgaraflokksins hafi blasast við, áður en Gro Harlem Brundtland varð forsætisráðherra. Nú fer fylgi þeirra heldur minnkandi samkvæmt skoðanakönnunum. Trú almennings á því, að unnt verði að mynda meirihlutastjórn borgaraflokksins, hefur ekki aukist við þá yfirlýsingu Kristilega þjóðarflokksins, að hann geti aðeins stutt ríkisstjórn, sem hefur það á stefnuskrá sinni að þringja fóstureyðingalöggjöfina. Hægri flokkinn og Miðflokkinn greinir á um stefnuna í olíumálum, þar sem Miðflokkurinn vill að hægt verði farið í að auka olíuframléiðsluna og seglin dregin nokkuð saman í því efni.

Á nýlegum landsfundi Hægri flokksins lýsti formaður hans, Jo Benkow, því yfir, að flokkurinn ætlaði einn að mynda ríkisstjórn, ef nauðsyn krefði og borgaraflokkarnir hefðu meirihluta á Stórþinginu. Forsætisráðherrann hefur svarað þessu með því að segja, að hún útiloki ekki stjórnarsamstarf við einhvern borgaraflokkanna. Í því sambandi beinast augu manna einkum að Vinstri flokknum (frjálslynda flokknum), sem gæti fengið lykilstöðu í Stórþinginu. Innan þess flokks ríkja einnig sérsjónarmið um umfang olíuvinnslunnar.

Þegar þetta er ritað eru aðeins fimm mánuðir til kosninga. Engum dyrum hefur verið lokað og ógjörningur er að segja fyrir um það, hverjir fari með stjórn Noregs, fyrr en kjósendur hafa kveðið upp dóm sinn.



Sigrid Schaumann (1877–1979): „Konumynd“.

það styrk sinn að vera sem ótamdarastar í myndtúlkun sinni svipað og maður þekkir frá myndlist karla fyrir margt löngu er þeir komu fram með myndir er hneyksluðu borgarana en eru löngu hættar að gera það, og virka þá fremur sem endurtekning og kækur.

Það er áhættufyrirtæki, að nefna einstök nöfn á jafn stórra sýningu, auk þess sem verk margra listkvennanna koma ekki nægilega vel til skila að Kjarvalsstöðum jafnframt því, sem ég veit að sumar þeirra hafa gert langtum betri verk. En ég get fullvissað viðkomandi um að ég hafði ánægju af

verkum margra kvennanna á sýningunni og hefði viljað sjá meira úrval af verkum sumra. Já, máski eru konurnar of margar á sýningunni og með of fá verk.

Eitt vantar alveg á sýninguna og það er sýnishorn af listrýni um hana frá hinum Norðurlöndunum, – slíkt er venjan um farandsýningar og þá einkum ef þær fá lofsamlega dóma.

Sýningunni mun ljúka um helgina og hvet ég sem flesta að skoða hana og taka afstöðu til þess er norrænar konur hafa að segja innan myndlistarinnar.

Bragi Ásgeirsson



**ALÞÝÐUORLOF**  
– Orlofssamtök launþega

## Orlofsferð launafólks til Danmerkur 23. júní til 2. júlí

Alþýðuorlof og Dansk Folkeferie í samstarfi við Samvinnuferðir — Landsýn hf., efna til gagnkvæmra orlofsferða fyrir launafólk á Íslandi og í Danmörku. Dvalið verður í orlofsbúðum verkalyðssamtakanna í hvoru landi um sig og ferðast með sameiginlegu leiguflugi.

**Ferðin hefst 23. júní nk. og stendur til 2. júlí.**

Íslenskir þátttakendur munu dvelja í orlofsbúðum DFF á Sjálandi (Gilleleje), Fjóni (Middelfast) og Jótlandi (Rødhús) að jafnaði 3 nætur á hverjum stað.

Daglegar skoðunarferðir verða skipulagðar til merkra staða í Danmörku og að sjálfsögðu verður Kaupmannahöfn heimsótt og m.a. farið í Tivoli.

Rétt til þátttöku í þessari ferð eiga félagsmenn í verkalyðsfélögum, sem eiga orlofshús í Ölfusborgum, Svignaskarði, Vatnsfirði, Illugastöðum eða Einarsstöðum og á hvert orlofssvæði rétt til takmarkaðs fjölda þátttakenda.

Bókun fer fram á eftirtöldum stöðum og eru jafnframt veittar nánari upplýsingar:

**Alþýðusamband Íslands, Grensásvegi 16, sími 84033.**

**Alþýðusamband Vestfjarða,**

**Alþýðuhúsinu ísafirði, sími 94-3190.**

**Alþýðusamband Norðurlands,**

**Brekkugötu 4, Akureyri, sími 96-21881.**

**Alþýðusamband Austurlands,**

**Egilsbraut 25, Neskaupsstað, sími 97-7610.**

## Verð: kr. 2.990.—

Innifalið í verðinu er:

Flug, Keflavík — Kaupmannahöfn — Keflavík, flutningur til og frá flugvelli í Kaupmannahöfn, gisting og fullt fæði svo og skoðunarferðir í Danmörku. (Flugvallarskattur ekki innifalinn). Íslenskur fararstjóri.

**ALÞÝÐUORLOF**